

Samstarfsnefnd um fjölbrautaskóla á Suðurnesjum

8. fundur.

Áttundi fundur nefndarinnar var haldinn í Brunnastaðaskóla á Vatnsleysuströnd, miðvikudaginn 21.4. 1976 og hófst hann klukkan 17⁰⁰.

Mættir voru: Gunnar Sveinsson, Sigurður Ólafsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Guðrún Sigurðardóttir, Hreinn Ásgrímsson, Rögnvaldur Sæmundsson og Ingólfur Halldórsson.

Efni fundarins var að ræða nýtt samkomulagsuppkast sem samið var af menntamálaráðuneyti og fræðslustjóra umdæmisins út frá því uppkasti sem nefndin sendi sömu aðilum þann 12. mars s.l. (Sjá fundargerð 6. fundar og samning um skólahald sem þeirri fundargerð fylgdi.)

Í fundarbyrjun kom fram, að samkomulag það milli sveitarfélaganna um stofn og rekstrarkostnað fjölbrautaskóla, sem nefndin sendi til sveitarstjórnanna með fundargerð sjöunda fundar, hlaut alls staðar góðar undirtektir, en lögð var á það áhersla víða, að lestraraðstaða verði fyrir nemendur og viðunandi mótuneytisaðstaða.

Næst ræddu menn samningsuppkast ráðuneytisins, sem í meginatriðum er samhljóða því uppkasti er nefndin sendi ráðuneytinu þann 12.3. 1976.

Athugasemdir voru gerðar við 3. gr., sem ráðuneytið hafði breytt nokkuð og var samþykkt að reyna að fá hana lagfæra áður en frá samningi verður endanlega gengið.

Formaður kvaðst hafa óskað eftir sameiginlegum fundi nefndarinnar og fórráðamanna menntamálaráðuneytisins þann 27. apríl. Munu menntamála-ráðherra og fræðslustjóri einnig sitja fundinn. Yrði þá reynt að ganga endanlega frá samningi við ráðuneytið og sá samningur væntanlega undirskrifður með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.

Voru fundarmenn sammála um að nauðsyn bæri til að hraða málinu sem mest og ætluðu allir að reyna að komast á fundinn.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið klukkan 18³⁰.

Fundarritari. Hreinn Ásgrímsson (sign)